

# Kaplakriki





## Lýsing

Verkefnið er margþætt og felur í sér bætta aðstöðu á mörgum sviðum íþróttaiðkunar. Byggt er nýtt anddyri og forsalur fyrir íþróttahúsin og knattspyrnuvöllinn. Einnig er byggð ný félagsaðstaða með skrifstofum og góðum samkomu- og fjölnotasal m.a. fyrir skylmingar. Stækkun er gerð á búningsaðstöðu og byggður þreksalur. Áhorfendastúka er stækkuð til muna og yfir alla stúkuna byggt þakskyggni. Aðstaða fréttamanna og vallarstjóra er gerð við stúkuna. Anddyri og félagsaðstaða eru byggð úr svartri sjónsteypu en þakskyggni er úr hvítmáluðu stáli með hvítri stálklæðningu. Nýtt frjálsíþróttahús er byggt með beinni innanhússtengingu við búningsaðstöðu. Í því húsi er 200m hlaupabraut og aðstaða þar að öðru leiti öll sem fullkomnust. Frjálsíþróttahúsið er klætt álplötum í állit en mikilvægri dagsbirtu er hleypt inn í húsið um rönd af polycarbonate-plötum meðfram þakkanti allan hringinn.

## Upplýsingar

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis | 0604-Kaplakriki |
| Heimilisfang | Kaplakriki Hafnarfjörður |
| Verkkaupi | FH og Hafnarfjarðarbær |
| Hönnuður | Batteríið Arkitektar ehf. |
| Landslagshönnuður | Landslag ehf. |
| Ráðgjafar: | |
| Burðarþol | VSB ehf |
| Lagnir og loftræsing | VSB ehf |
| Raflagnir | VSB ehf |
| Verktaki | RIS ehf |
| Stærðir m2 & m3 | 8.900 m2 & 88.400m3 |
| Verklok | 2014 |





# Kaplakriki




Grunnmynd1.hæðarundirinngangi